

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um innflutning á kjöti frá Grænlandi.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hyggst ráðherra breyta reglum um meðferð kjöts sem ferðalangar frá Grænlandi taka með sér til Íslands á leið til þriðja lands, og ef svo er, hvenær verður það?
2. Hvaða tegundir kjöts falla undir reglurnar?
3. Telur ráðherra að einhver hættu sé á innflutningi búfjárjúkdóma samfara innflutningi ferðalanga frá Grænlandi á leyfilegu magni kjöts, 10 kg, þ.m.t. af sauðnautum, hreindýrum og ísbjörnum?

Skriflegt svar óskast.